

28. mars 2025

## Efni: Greinargerð vegna starfsleyfisvinnslu – Efnistaka Litla Bakka

Umsókn um starfsleyfi vegna efnistöku úr námu við Litla Bakka, 701 Egilsstöðum, barst þann 6.2.sl Umsækjandi var Ylur ehf. kt. 430497-2199.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins var í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tillaga að starfsleyfi var auglýst á heimasíðu HAUST þann 21.2.2025, 4 vikna frestur til að skila inn athugasemdum rann því út þann 21.3.2025.

Í umsögn skipulagsfulltrúa Múlaþings kemur fram að svæðið sé skilgreint sem efnistökusvæði E54 í Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028. Unnið er að nýju aðalskipulagi Múlaþings og mun svæðið verði skilgreint sem efnistökusvæði E29 og heildarefnistaka verði 90.000m<sup>3</sup>. Framkvæmdaleyfi vegna efnistökkunnar hafi verið útgefið þann 8. mars 2024 og er áætlaður framkvæmdatími 10 ár.

Engar athugasemdir voru gerðar við auglýst starfsleyfisdrög á umsagnartíma og var starfsleyfi útgefið í dag með gildistíma í 12 ár.

Engar breytingar voru gerðar á útgefnu starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

Virðingafyllst



Lára Guðmundsdóttir  
heilbrigðisfulltrúi